



Skriðuklaustri, júlí 2019

Ágæti veiðimaður

Nú er hefðbundinn veiðitími hreindýra að ganga í garð, starfsfólk á austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs býður þig velkomin til veiða í þjóðgarðinum.

Við viljum með bréfi þessu kynna þér þær reglur sem gilda um veiðar innan svæðisins, þ.e. á öræfunum kringum Snæfell. Nánari upplýsingar um veiðar eru á vefsíðu Vatnajökulspjóðgarðs (www.vjp.is).

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/thjonusta/upplysingar-til-veidimanna>

Griðland við Snæfell og austan þess. Innan griðlands eru veiðar á fuglum og hreindýrum ekki heimilar, m.a. vegna: mikilvægra varplanda og fellistaða, votlendis sem er alþjóðlegt verndarsvæði (RAMSAR) og vegna gildis svæðisins fyrir almenna útivist og náttúruskoðun. Griðlandið er um 117 km² og er Snæfellsskáli innan þess. Mörk griðlands má finna á vefsíðu Vatnajökulspjóðgarðs (www.vjp.is).

Hreindýraveiðar eru heimilar á Snæfellsöræfum, milli Háslóns og Jökulsár í Fljótsdal, frá 15. ágúst. Með þessu móti fá kýr og kálfar næði til að fita sig fyrir veturinn og þar að auki eru minni líkur á að hagsmunaárekstrar verði milli ferðamanna og veiðimanna á svæðinu á þessum tíma.

Við hreindýraveiðar er þó heimilt að fella dýr allt að 1.000 metrum fyrir innan þjóðgarðsmörk fyrir 15. ágúst en einungis þegar verið er að elta hjörð. Komi til slíks skal leiðsögumaður á hreindýraveiðum tilkynna það svo fljótt sem auðið er til landvarða í Snæfelli (s. 842-4367) eða þjóðgarðsvarðar (s. 842-4365).

Gæsaveiðar á austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs eru heimilar frá 20. ágúst. Þjóðgarðsverði, að höfðu samráði við svæðisráð, er heimilt að gefa út tilkynningu um seinkun veiða, gefi mat viðurkenndra aðila á varpframvindu heiðagæsar á svæðinu að vori ástæðu til frestunar. **Engin þörf er á að seinka veiðum í ár.**

Þjóðgarðsvörður minnir á mikilvægi góðrar umgengni við veiðar og hvetur veiðimenn til að vera í góðu samstarfi við landverði í Snæfellsskála. Þeir eru þar til að aðstoða gesti þjóðgarðsins og eru á svæðinu til 20. september ef veður leyfir. Sími landvarða í Snæfelli er **842-4367**. Sími í Snæfellsstofu, upplýsingamiðstöð austursvæðis, er 470-0840 og er hún opin alla daga út september.

Frekari upplýsingar um Vatnajökulspjóðgarð og Stjórnunar- og verndaráætlun má finna á heimasíðu þjóðgarðsins www.vjp.is.

Með ósk um gott samstarf,

Þjóðgarðsvörður á austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs,

Agnes Brá Birgisdóttir

Skriðuklaustri, 701 Egilsstaðir